

Birna Hrönn Björnsdóttir

3. júní 2020

Viðtal tekið fyrir verkefnið Fjaðrafok

Spyrill: Felix Bergsson og Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Friðrik Friðriksson

Digital 4K

© Krumma films ehf.

*Friðrik: Og það rúllar bara.*

*Felix: Ég ætla að biðja þig þá til að byrja með að kynna þig og segja svona hver þú ert.*

Já ég heiti Birna Hrönn „Glimmer“ Björnsdóttir. Ég...

*Felix: Og hvað gerirðu?*

Já ég á fyrirtæki sem heitir Pink Iceland sem er hinsegin ferðaþjónustufyrirtæki á Íslandi. Á það með konunni minni og okkar besta vini og er búin að vera viðloðin hinsegin málefni síðan, hvað, þá örugglega 2001.

*Felix: Við skulum bara byrja þar. Hvenær er svona fyrsta sinn sem þú upplifir gleðigönguna?*

Ég upplifi gleðigönguna þegar ég er ennþá að takast á við sjálfa mig, ég er ekki komin í sátt við sjálfa mig. Ég var búin að segja einni mjög góðri vinkonu minni að ég væri samkynhneigð og hún stingur upp á því eftir að ég neita að tala um að ég sé samkynhneigð eða segja neinum öðrum frá þá stingur hún upp á því að við förum niður í bæ og ég er grunlaus og við förum í ísbíltúr og endum niðri í bæ og svo löbbum við inn á Ingólfstorg og þar er lokapunktur gleðigöngunnar í gangi. Og af því ég var ekki búin að takast á við sjálfa mig og ekki komin í sátt þá fór ég í mínus. Mér fannst þetta alveg hræðilegt og allir hlytu að vita að ég væri gay ef ég væri stödd þarna. Og svo eru lesbíur að taka kúrekadans uppi á stóra sviði og ég átti eins bol og þær voru í þannig ég fór heim og henti bolnum. Af því þá myndu örugglega allir vita að ég væri lesbía ef ég væri í eins bol sko. Þannig það er fyrsta upplifunin og svo árið sem fylgdi þessu pride-i það var sem sagt árið sem ég kem almennilega út í Menntaskólanum við Hamrahlíð og þetta var eins skemmtilegt og það hefði getað verið. Þetta hafði tekist svo vel og þetta var svo gaman og maður fékk loksins að kyssa stelpur og þetta var bara svo mikil gleði. Og svo, og þá næsta ár þá fer ég og vinur minn niður í bæ til að horfa á gleðigönguna og ég bara, þetta var held ég í fyrsta skiptið sem ég fann bara fyrir lotningu fyrir fólki sem ég þekkti ekki neitt af því ég horfði bara á vagnana fara framhjá og

ég bara: „Ég ætla að vera svona. Ég ætla að vera svona stolt, ég ætla að vera svona glöð, þetta bara hlýtur að vera málið.“ Þannig, og svo árið eftir það þá þekki ég eina lesbíu og hún ætlaði að vera með í Pride þannig að ég sagði bara: „Ég ætla að vera með þér.“ Þekkti engan nema hana og þetta var bara stórkostleg upplifun.

*Felix: Og þetta er 2003, þetta er rigningar...*

Þetta er rigningarárið. Þar sem við endum í Lækjargötunni. Já.

*Felix: Segðu okkur síðan aðeins frá ungliðahreyfingunni og hvernig það gerist? “*

Já ég byrja að mæta í ungliðahreyfingu Samtakanna '78 örugglega þá á þessum tíma 2002, 2003 og eftir að hafa upplifað mína fyrstu Pride göngu með fólki sem ég í rauninni þekki ekki neitt þá ákvað ég að ég yrði að taka þátt aftur og við vorum að safna þarna saman í hóp krökkum sem voru að hittast á hverjum sunnudegi. Krakkar sem voru að fíkra sig út úr skápnum og ég ákvað að við þyrftum að safna nógu stóru liði til að geta tekið þátt í göngunni og að geta fært þessum krökkum þetta tækifæri að taka þátt í þessari göngu í fyrsta skiptið það var einhvern veginn alveg jafn góð tilfinning og ég fékk þegar ég sá gönguna fyrst. Því þetta var, einhvern veginn, hjartað í manni springur sko.

*Felix: Hvernig atriði gerðuði?*

Við lögðum áherslu á, já við tókum fyrir hjónabandið sem er svolítið fyndið af því ég er brúðkaupsskipuleggjandi í dag. En okkur fannst þetta eiga upp á dekk að samkynhneigð hjónabönd voru ekki til jafns við gagnkynhneigð hjónabönd. Og já, tókum það mál fyrir og vorum með rosa flottan vagn og Brúðarkjólaleiga Katrínar held ég lánaði okkur bara dress á alla og svo vorum við með Amor uppi á palli með glimmerstöng og hann hennti glimmeri yfir alla og allur hópurinn var heima hjá mömmu minni og pabba að gera sig til og hún er ennþá inni í þvottahúsi að finna glimmer síðan þá sko. (*Hlær*). Þannig að það var alveg, það var stórkostlegt sko. Og við tókum þátt sem ungliðahópur bara öll árin og ég held að hinsegin félagsmiðstöðin sé ennþá að taka þátt. Og þetta var alveg hápunktur ársins hjá öllum sko.

*Felix: Já, í ungliðahópnum? Hvenær kemuru svo inn í stjórnina og svoleiðis?*

Já ég myndi segja, ég var í samstarfsnefnd Hinsegin daga held ég að það hafi heitið svona, heitið á þeim tíma og ég held að það hafi bara verið í kringum þegar við vorum sem virkust í ungliðahópnum sko, þá vorum við véluð inn í það batterí og það var ótrúlega gaman að fá að taka þátt í skipulagningunni á þessari stóru hátíð sko.

*Felix: Segðu okkur aðeins um þessa grein sem þið Þorvaldur skrifið um steggja- og gæsapartýin.*

Já við Þorvaldur Kristinsson skrifuðum grein sem, oh muniði fyrirsögnina? Við skrifuðum grein um steggjanir í gleðigöngunni, það er rosalega lítið um gæsanir og steggjanirnar eru oftast svona leiðinlegri að þessu tilefni en þarna er maður að upplifa, maður er að mæta einhvert, maður er að upplifa þetta stolt og þessa samkennd með sinni hinsegin fjölskyldu og við klæðum okkur upp í búninga og við erum glamorous og extravagant en það er af því við erum að sýna hver við erum. Við erum að fagna og við erum stolt. Og svo koma steggjapartýin og þau, þeim finnst þetta bara djók. Og þetta er oftast fólgin í því einhver niðurlægning í að steggurinn sé hommi og það er brandarinn, ha ha, hann er kannski hommi, aumingja hann og það bara er ekki í boði. Þetta, þú veist, finndu þér alla aðra vettvanga en ekki koma og gera lítið úr deginum okkar. Þannig ég, áður en við skrifum þessa grein þá tók ég það að mér að vísa steggjum úr gleðigöngunni. Bara á hvaða tímapunkti sem er, ef ég sá þá bara labbaði ég að þeim og bara. Og það eru til nokkrar myndir þar sem ég stend bara og bendi bara (*bendir burt*): „Nei.“ Og svo eftir að við skrifum þessa grein um af hverju þetta mætti ekki og hvernig okkur leið þegar við upplifðum þeirra nærveru á þennan hátt, þá prentuðum við hana bara út. Og svo fórum við bara með og gengum á hópinn og biðum svo á meðan þau lásu og þá var oftast bara: „Já, fyrirgefðu.“ (*Hlær*). Þannig að, já, af því þetta snýst svo, þetta er svo tilfinningalegur dagur fyrir okkur að það er bara ekki í boði að leika sér með hann svona.

*Felix: Það var líka svolítið viðkvæmt stundum, sérstaklega kannski gagnvart yngri hópnunum hvaða listamenn voru að koma fram, hverjir væru í kringum gönguna.*

Já. Ég...

*Felix: Það sem má og má ekki.*

Einmitt. Eina atvikið sem ég man svona skýrt eftir var bara listamaður sem hafði ítrekað notað „ekki vera faggi.“ Og ég hafði einmitt sent honum skilaboð og sagði honum hvað þetta væri bara ekki smart og bara bað hann um að hætta þessu af því litlu frændur mínir voru farnir að nota þetta við, sín á milli á vini sína. Og við reyndum að útskýra fyrir þeim af hverju þetta mætti ekki og, þú veist, þeir höfðu ekki hugmynd um, þetta bara var ekki gildishlaðið fyrir þeim, þetta var bara, þú veist ekki vera aumingi. En ég fékk bara svar til baka bara „róleg, róðu þig. Slakaðu á, ég á fullt af hommavinum.“ En orðræðan er, þú veist, þú verður að passa þig við hvern þú ert að tala og hvað þeir læra og hvaða orð þeir læra að nota. Já, þannig að fólk verður að vanda sig ef það vill fá að vera með. (*Hlær*).

*Felix: Heyrðu þetta er æðislegt. Er eitthvað meira sem að við viljum fá?*

*Hrafnhildur: Manstu einhvern tímann eftir typpasleikjó í göngunni?*

Nei við vorum nefnilega að ræða þetta og ég, það mál var einhvern veginn, þú veist, uppruni, nei, sá ég þá, nei, umræðan eftir á fór svo í taugarnar á mér að ég bara, einhvern veginn, nenni þessu ekki.

*Felix: Ég held að það hafi verið í steggjapartýi eitthvað svoléiðis.*

Já það hlýtur að eiginlega að vera. En annars er mjög skemmtileg sagan með Kára Emil og...

*Felix: Já, endilega.*

Já, þá er það, eitt árið þá ákváðum við í ungliðahóp Samtakanna '78 að vera með atriði í Pride þar sem allir eru klæddir upp sem, sem sagt, hinsegin, frægar hinsegin sögupersónur. Og það voru tveir í hópnum sem voru ekki komnir almennilega út úr skápnum og treystu sér ekki til að vera sýnilegir í göngunni en upplifðu allan þennan undirbúning og þessa spennu og þessa gleði í kringum gönguna og ákváðu að velja sér karaktera sem voru, var ekkert endilega vitað hvort þeir væru hinsegin eða ekki, það var alltaf spurningamerki við það. Þannig þeir klæddu sig í kufla og voru með bara fyrir andlitinu og allt og bara fyrir augunum og skrifuðu sem sagt nöfnin á þessum einstaklingum framan á. En svo þegar þeir voru komnir niður hálfan Laugavegin, búnir að upplifa bara feedbackið frá þjóðinni, bara frá öllum, því að þetta er einstök tilfinning að labba þessa göngu. Þá, þeir bara gátu ekki meir. Þeir bara rifu sig úr og voru bara stoltir og til staðar og vildu bara fá að, já, koma. Bara koma út úr skápnum þarna. Þannig það er, mér þykir ennþá einhvern veginn mjög vænst um það augnablik af mörgum sko.

*Hrafnhildur: Geturu einmitt lýst því hvernig það er að ganga niður þessa, ganga þessa göngu og upplifa hana. Hvernig líður manni? Hvernig er þetta, hvernig er tilfinningin? Eins og t.d. fyrst þú vissir ekki nákvæmlega hvernig fólk myndi taka þér en.*

Já, ég myndi segja upplifunin á því að labba gleðigönguna væri, hún er svo einstök. Maður fær sko harðsperrur í framan af því maður brosir svo mikið og af því maður kannski lifir í, maður lifir í litlu samfélagi, þú veist, maður umkringir sig náttúrulega vinum og ættingjum og þessi echo chamber sem maður lifir í, það eru allir með svona svolítið sömu skoðanirnar og maður sjálfur og svo að labba út í mannhaf, 100.000 manns sem allir eru komnir til að koma, einhvern veginn, til að sýna samstöðu og gleðjast með og þá upplifir maður svo mikla gleði og, ekki kannski viðurkenningu en svona samkennd. Það er eins og allir séu stoltir með manni. Af því maður gleymir stundum hvað það var erfitt að burðast með þetta. Það er svo langt síðan maður kom út úr skápnum en þarna einhvern veginn rifjast upp aftur og aftur bara hvað þetta er fallett skref að taka til að fara út úr skápnum og einhvern veginn vera maður sjálfur. Þannig þetta er svona boost undir það. Já. Ef það lýsir því á einhvern hátt.

*Felix: Já algjörlega. Erum við ekki góð?*

*Hrafnhildur: Jú. Ja, hefuru eitthvað að segja um einhver vandræði sem hafa komið upp.*

*Kannski ekki Gylfi Ægis en...*

*Felix: Já þegar hún breytist, þegar að breytingarnar, í rauninni hún fer úr því að vera Gay Pride yfir því að vera Reykjavík Pride. Og breytingarnar sem verða í hinsegin samfélaginu.*

*Hrafnhildur: Alls konar hópar að ganga. Sendiráðin og... Skátarnir?*

Skátarnir, já einmitt.

*Felix: Hvað finnst þér um breytingarnar á göngunni?*

Ég held að ég hafi upplifað svo margar göngur erlendis að það var einhvern veginn, back of mind var það orðið svolítið svona, að standardinn alla vega úti að það voru alls konar hópar að sýna samstöðu, þú veist, að það var ótrúlega mikilvægt fyrir þessum, eins og vinir mínir í heilbrigðiskerfinu, ég man ekki hvar þær búa. Þú veist þær eru í heilbrigðisstétt og það var ótrúlega mikils virði fyrir þær að sjá heilbrigðisstétt. Þá fannst þeim þær vera viðurkenndar inni á sínum vinnustað og þannig ég veit ekki hvort það er, ég hef einhvern veginn ekki kannski neina djúpa skoðun af eða á eða neitt þannig. Ég veit það ekki, þú veist eins og skátarnir úti, þú veist boy scouts og girl scouts of America, það er rosalega eldfimt að vera hinsegin þar og það að skátarnir á Íslandi séu að stíga fram og hinsegin skátar og svo allies séu með á vagni. Þú veist, það er rosalega sterk skilaboð bara ef maður hugsar svona á alþjóðlegum grundvelli. Þannig að, þú veist það er mjög jákvætt sko og, en maður var náttúrulega bara hræddur á Laugaveginum á tímabili, þú veist, þegar fólk var með hálfan handlegginn undir bílunum og, þú veist, bara upp á plássið að gera. Þannig að.

*Hrafnhildur: Varstu göngustjóri einhvern tímann?*

Nei guð. Ekki eftir að Kata var göngustjóri. Hún er alltaf svo stressuð. Ég vildi ekki vera svona stressuð. (*Hlær*). „Birna Hrönn! Labbaðu áfram!“ Oh Jesús.

*Hrafnhildur: OK. Gott mál.*

*Felix: Er það ekki? Þetta er frábært.*